

# SOS BARNAPORPIN

Fréttablað 3. tbl. 20. árg. 2014

***Ebólufaraldurinn  
í Vestur-Afríku***  
*Áralöng bréfaskrif*

***Skjólvinufréttir***

*Græn verkefni*

***Heimsókn til SOS barna***

***SOS kynning***



**SOS  
BARNAPORPIN**

**Öll börn vilja gott heimili**


LISTAVERK ÚR SOS BARNAPORPUNUM



Málað af barni í barnapörpinu í Comitán í Mexíkó



Teikning eftir barn í barnapörpinu í Córdoba í Argentínu



Málað af barni í barnapörpinu í Bishek í Kirgistan



Málað af barni í barnapörpinu í Cali í Kólumbíu



Málað af barni í barnapörpinu í Belén í Paragvæ



Málað af barni í barnapörpinu í Mombassa í Keníu

# Um misnotkun, þöggun, hugrekki og nýja tíma



Ragnar Schram,  
framkvæmdastjóri  
SOS Barnaþorpanna.

**Samtíminn gerir kröfu um gagnsæi og fyrirlítur allt sem heitir þöggun og yfirhylming. SOS Barnaþorpin eru meðvituð um þá staðreynd en jafnframt vitum við að í starfsemi okkar í yfir hundrað löndum hefur ekki allt gengið eins og við hefðum kosið og gagnsæið ekki alltaf haft að leiðarljósi í þau 65 ár sem samtökin hafa starfað.**

Upphaf SOS Barnaþorpanna má rekja til Austurríkis þar sem fyrsta barnaþorpið var byggt árið 1949. Árið 2012 leitðu SOS Barnaþorpin í Austurríki til sagnfræðingsins Horst Schreiber sem þekktur er fyrir rannsóknir sínar á barnaheimilum og bað hann um að snúa við öllum steinum og varpa ljósi á starfsemi samtakanna þar í landi á tímabilinu 1950 – 1990.

Fyrir lágu vísbandingar og ábendingar um að einhver misnotkun hefði átt sér stað. Var ætlunin að kanna það nánar og ef satt reyndist komast þá að því hvaða aðstæður þar voru sem gerðu okkar fólki kleift að koma þannig fram við börnin. Tilgangurinn var m.a. sá að hjálpa hugsanlegum þolendum og stuðla að forvörnum til framtíðar.

Það þarf hugrekki til að láta framkvæma slíka rannsókn. Að sama skapi má segja að það sé hættulegt að gera það ekki. Saga barnaheimila og fósturkerfa um alla Evrópu (og víðar) segir okkur einfaldlega að frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur ýmislegt gerst sem valdið hefur þjáningu og sumir vilja fela en þarf samt að komast í dagsljósið. Við Íslendingar könnumst við slíka umræðu.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið gefnar út í bók sem ber heitið: *Dem Schweigen verpflichtet. Erfahrungen mit SOS-Kinderdorf*. Hún leiddi í ljós að kynferðisleg misnotkun átti sér stað í SOS Barnaþorpum í Austurríki en þó sjaldnar en á öðrum þeim heimilum, stofnunum og öðrum stöðum þar sem munaðarlaus og yfirgefin börn

höfðu fengið heimili. Hins vegar virðist starfsfólk SOS hafa beitt sér jafn mikið og starfsfólk annarra barnaheimila við að þagga niður og hylma yfir með gerendum og náði sú þöggun jafnvel upp til yfirmanna. Tilgangur þöggunarinnar virðist fyrst og fremst hafa verið sá að vernda samtökin og orðspor þeirra og á það jafnvel við um þolendurna sjálfa sem höfðu þagað til að vernda SOS Barnaþorpin. Þó langt sé um liðið verður þolendum, gerendum og öðrum hlutaðeigandi boðið upp á viðeigandi hjálp.

Horst Schreiber segir að þrátt fyrir að rannsóknin hafi leitt í ljós ákveðin tilvik hafi SOS Barnaþorpin komið betur út úr þessari rannsókn en allar aðrar tegundir barnaheimila sem hann hefur rannsakað. Hann segir algengt að einstaklingar sem dvalið hafi á barnaheimilum og stofnunum spyrji sig: „Hvað hefði orðið úr mér ef ég hefði ekki þurft að búa á þessu heimili?“ Hins vegar hafi þau fyrirverandi SOS-börn sem hann talaði við spurt: „Af hverju fékk ég ekki að búa lengur í SOS Barnaþorpinu?“, en allt til loka sjöunda áratugarins var algengt að ungmenni í barnaþorpum yfirgæfu þorpið mun fyrr en nú er raunin.

Rannsóknin var sársaukafull fyrir samtökin og ákveðna einstaklinga en hún er táknið um nýja tíma hjá SOS Barnaþorpunum. Hún var ekki unnin að beiðni yfirvalda, áhuga fjölmiðla eða frumkvæði fræðimanna heldur voru það SOS Barnaþorpin sjálf sem óskuðu eftir henni. Fleiri mættu taka sér þetta hugrekki til fyrirmyndar enda víða pottur brotinn í þessum efnunum og margir sem líða í þögninni.

Nú höldum við áfram eftir þessum vegi gagnsæis og þorum að horfast í augu við það sem aflaga fer. Við erum ekki fullnuma heldur getum enn gert betur og lært af mistökum. Það eru börnin sem skipta mestu máli, ekki samtökin eða starfsfólkið.

## Gleðileg jóla!

Að endingu vil ég óska ykkur gleðilegra jóla, gæfu á nýju ári og þakka fyrir stuðninginn við börnin okkar á árinu 2014. Ég vil jafnframt þakka samstarfsfólki mínu á skrifstofu SOS á Íslandi fyrir framúrskarandi störf í þágu skjólstæðinga okkar.

Við hlökkum til að gera enn betur fyrir börnin á næsta ári – með ykkar hjálp!




**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi  
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram  
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir  
Heimilisfang:  
SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi  
Sími: 564 2910  
sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Pixel ehf  
Prentun: Oddi  
Prófkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson  
Forsíðumynd: Barn í fangi SOS móður í SOS  
Barnaþorpinu Phuket í Tailandi.  
Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.



# EBÓLUFARALDURINN Í VESTUR-AFRÍKU

*Ebólán kom upp í Gíneu í febrúar og hefur síðan þá náð að breiðast út til nærliggjandi landa. Veiran fer nú eins og eldur um sinu um lönd Vestur-Afríku og fjölgar dauðsföllum af völdum veirunnar stöðugt.*

**SOS Barnaþorpin í Vestur-Afríku, þá sér í lagi Líberíu, Gíneu og Síerra Leóne, standa frammi fyrir stærri áskorunum en áður. SOS settu af stað neyðaræstoð síðastliðið sumar og stendur hún enn yfir. Megináhersla samtakanna er að aðstoða munaðarlaus og yfirgefin börn ásamt þeim börnum sem eru í hættu á að verða það.**

Þúsundir barna hafa misst báða foreldra sína úr ebólu. Oftar en ekki er þessum börnum hafnað af

stórfjölskyldu sinni vegna ótta við ebólusmit. Ástandið varð til þess að SOS Barnaþorpin ákváðu að auka við aðstoð sína á svæðinu en samtökin hafa starfað í Gíneu síðan árið 1989, Líberíu síðan 1981 og Síerra Leóne síðan 1974.

Ýmis vandamál herja á samtökin í löndunum þremur. Skólar og leikskólar hafa til að mynda verið lokaðir í nokkra mánuði og hætta er á að nemendur missi úr heilt skólaár og að ólæsi á svæðinu aukist.

## HVAÐ ER EBÓLA?

Ebólá er veirusýking sem veldur alvarlegum veikindum og leiðir til dauða í um 60% tilfella. Veiran greindist fyrst 1976 og hefur leitt til sýkingahrina í Mið- og Vestur-Afríku en hún veldur sjúkdómi í mönnum og öpum. Ekki er fyllilega vitað um uppruna hennar en talið er að ávaxtaleðurblökur séu einkennalausir berar veirunnar.

## HVER ERU EINKENNI EBÓLU?

Byrjunareinkenni Ebólu líkjast einkennum influensu og malaríu; sótthiti, vöðvaverkir, þreyta, höfuðverkur og verkir í hálsi en geta síðan þróast í ógleði, uppköst, niðurgang, magaverki, útbrot með blæðingum frá húð, slímhimnum, augum, nefi, meltingarvegi og þvagrás, og endað í fjöllíffærabilun.

## HVER ER TÍMINN FRÁ SMITI TIL VEIKINDA?

Meðgöngutími sýkingarinnar, þ.e. tími frá smiti til veikinda, getur verið 2 – 21 dagur en flestir veikjast eftir 4 – 10 daga. Á þessum tíma er viðkomandi einkennalaus og er ekki smitandi.

## HVERNIG SMITAST EBÓLUVEIRAN?

Smit verður við snertingu við líkamsvessa eins og blóð, svita, munnvatn og þvag. Einnig getur smit orðið við óvarin kynmök og við neyslu á elduðum villtum dýrum eða svokölluðu „bush meat“. Smitið er ekki loftborið, þ.e. berst ekki með lofti eða andardrætti. Sýktur einstaklingur verður fyrst smitandi þegar hann verður sýnilega veikur, þ.e. fær einkenni sjúkdómsins. Í upphafi veikinda, fyrstu þrjá daga eftir að einkenni koma í ljós, er talið að hinn sýkti sé ekki mjög smitandi.

Heimild: Embætti landlæknis.



SOS heilsugæslan í Monróvíu er sú eina á svæðinu sem opin er allan sólarhringinn.



Fjöldi barna hefur misst foreldra sína úr ebólu.

Ekkert barn í umsjá SOS hefur smitast af ebólu. Hinsvegar hafa einn SOS kennari og einn hjúkrunarfræðingur á SOS heilsugæslustöð smitast en þeir læknuðust báðir. Þá lést SOS móðirin Pannah Saywayne þann 28. ágúst síðastliðinn eftir að hafa smitast af ebólu.

Pannah starfaði í SOS Barnaþorpinu í Juah Town í Líberíu og hafði ferðast frá barnaþorpinu í Juah Town til höfuðborgarinnar Monróvíu til þess að heimsækja uppkomna dóttur sína. Pannah smitaðist af dóttur sinni sem vissi ekki að hún bæri veiruna. Pannah og dóttir hennar létust báðar nokkrum dögum eftir að veikindin komu í ljós.

Kennarar á vegum SOS standa fyrir aukatímum fyrir áhugasama nemendur á meðan skólar eru lokaðir og SOS mæður hjálpa börnum sínum einnig að stunda sjálfsnám heima fyrir. Stuðningur við skjólstæðinga Fjölskylduefingar er í algjöru lágmarki og það tefur fyrir fjárhagslegu sjálfstæði þeirra.

Heimsóknir í SOS Barnaþorp eru einnig bannaðar um þessar mundir og ferðir heimilisfólks út fyrir þorpið eru mjög takmarkaðar vegna hættu á smiti. Barnaþorpin fylgjast vel með heilsu starfsmanna og barnanna og leggja áherslu á upplýsingagjöf og forvarnir. Nokkur barnaþorp hafa m.a. tekið upp notkun eyrnahitamæla auk þess sem lögð er áhersla á handþvott og sótthreinsun.



Starfsmaður SOS að störfum.

# Helena vill að barnabörnin mennti sig

Í Bissá, höfuðborg Gíneu Bissá, nýtist íslenskt fé við að hjálpa sárafátækum barnafjölskyldum til sjálfshjálpar. Ein þeirra fjölskyldna er saman sett af Helenu Baticam sem er á áttæðisaldri og barnabörnum hennar, Genovevu (14 ára) og Larizu (7 ára). Helena glímir við fötlun og getur því takmarkað unnið fyrir fjölskyldunni.

Áður en fjölskyldan fékk aðstoð frá Fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna bjó hún við afar slæmar aðstæður. Helena og stúlkurnar bjuggu saman í litlu herbergi og borðuðu aðeins einu sinni á dag. Helenu finnst afar mikilvægt að stúlkurnar mennti sig og því notaði hún megnið af tekjum fjölskyldunnar í skólagjöld og skólagögn.

Faðir Genovevu lést þegar hún var aðeins 6 mánaða og í kjölfarið flutti hún til ömmu sinnar. Þegar Lariza fæddist sjö árum síðar flutti hún einnig til ömmu sinnar. Helena hefur alltaf unnið mikið og lagt ýmislegt á sig til að skapa



Skjólvinir gera okkur kleift að segja svona sögur!

Genoveva og Helena búa um rúm.



Genoveva, Lariza og Helena snæða hádegisverð.

stúlkunum eins gott líf og kostur er en aldurinn er farinn að segja til sín og undanfarin ár hefur heilsunni hrakað. Eftir að Helena hætti að vinna hefur fjölskyldan aðeins lifað á því fjármagni sem hún fékk gefins frá ættingjum, vinum og nágrönnum, þó mestmegnis frá frænda Helenu sem bjó í nágrenninu.

Í byrjun árs 2012 fékk fjölskyldan aðstoð frá Fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna eftir skimun á svæðinu sem sýndi að hún þyrfti á aðstoð að halda. Fjölskyldan hefur verið hluti af verkefninu síðan.

Til að byrja með fékk fjölskyldan

matarúthlutun (50 kíló af hrísgrjónum) ásamt því að skólagjöld og skólagögn fyrir stúlkurnar voru borguð. Þá var gerð fjölskyldu-áætlun með því markmiði að fjölskyldan gæti á einhverjum tímamarki séð um sig sjálf.

Frændi Helenu sótti bókhaldsnámskeið á vegum SOS en hún vildi að hann sæi um bókhald fjölskyldunnar þar sem hún var ekki fær um það sjálf. Þá fór hann í ökuskóla og fékk þar ökuréttindi sem gera honum kleift að vinna sem bílstjóri og auka þannig tekjur fjölskyldunnar.

Helena á sér þann draum að Genoveva og Lariza haldi áfram að mennta sig svo þær eigi möguleika á góðum störfum í framtíðinni og geti séð fyrir sér og fjölskyldum sínum. Stúlkunum gengur líka mjög vel í skóla og því er Helena vongóð um að draumurinn rætist. „Þær eru mjög



Genoveva og Lariza fá aðstoð frá frænda sínum við heimalærdóminn.

duglegar í skólanum en hjálpa mér einnig heima við.“

Fjölskyldan er afar ánægð með aðstoðina frá SOS. „Nú höfum við aðgang að heilsugæslu og

menntun ásamt því að eiga nægan mat,“ segir Helena. „Þá líður stúlkunum mun betur. Þær eru hamingjusamari og með meira sjálfstraust.“



Genoveva þvær skólafötin sín.



Genoveva og Helena í göngutúr.

SOS Barnaþorpin á Íslandi sjá alfarið um Fjölskylduefningu SOS í höfuðborg Gíneu Bissá. Verkefnið miðar að því að hjálpa sárafátækum einstæðum foreldrum og forráðamönnum til fjárhagslegs sjálfstæðis þannig að þeir geti mætt þörfum barna sinna án utanaðkomandi aðstoðar. Hjálpin fer þannig fram að ráðgjafar SOS heimsækja fjölskyldurnar og útbúa áætlun í samráði við foreldrana. Áætlunin tekur mið af aðstæðum, þekkingu og hæfileikum hversrar fjölskyldu og tilgreinir í smáatriðum leið hennar til fjárhagslegs sjálfstæðis. Fjölskylduefning SOS í Bissá nær nú til yfir 100 fjölskyldna og þar af um 400 barna.



## Viltu skrifa styrktarbarninu þínu?

**Styrktarforeldrum er velkomið að skrifa styrktarbörnum sínum og þykir börnunum yfirleitt gaman að fá bréf frá útlöndum. Ekki er þó hægt að senda þeim tölvupóst. Hér eru nokkrar hagnýtar upplýsingar viljir þú senda barni þínu í SOS Barnaþorpi bréf:**

- Þegar þú gerðist styrktarforeldri fékkst þú sendar upplýsingar um barnaþorpið og þar kemur fram á hvaða tungumáli bréfið skal vera (yfirleitt ensku) og hver utanáskriftin er. Einnig er hægt að nálgast utanáskriftina inn á Mínum síðum ([minarsidur.sos.is](http://minarsidur.sos.is)).
- Utan á umslagið skrifar þú utanáskriftina. Nafn barnsins skrifar þú hins vegar ekki á umslagið heldur aðeins á bréfið sjálft.
- Þú getur skrifað um daglegt líf á Íslandi, fjölskylduna þína, áhugamál og annað sem þú heldur að barnið gæti haft áhuga á.
- Hafðu í huga að menningarheimur barnsins er ólíkur þínum. Gildismat, hefðir og lífsgæði á því svæði sem barnið býr á geta því verið mjög frábrugðin því sem Íslendingar eiga að venjast og biðjum við þig að taka tillit til þess.
- Gaman er fyrir barnið að fá myndir af þér, fjölskyldu þinni, heimili og umhverfi. Hafðu þó í huga að á ákveðnum svæðum geta myndir af fólki í léttum sumarfatnaði virkað illa á fólk.
- Barnið getur sent þér bréf ef það vill. Þrátt fyrir að sum börn hafi gaman af því að skrifa styrktarforeldrum sínum bréf á það ekki við um öll börn og biðjum við styrktarforeldra að sýna því skilning.
- Landsskrifstofa SOS í hverju landi sér um að samræma starf barnaþorpanna og sér til þess að starfsemi þeirra sé í samræmi við alþjóðlegar reglur samtakanna. Landskrifstofurnar eru tengiliðir þorpanna við styrktaraðila og sjá um þýðingar á bréfum. Þannig minnkum við álag á starfsfólk barnaþorpanna til mikilla muna.


# Áralöng bréfaskrif

Abhay\* ólst upp í SOS Barnaþorpi á Indlandi. Foreldrar hans höfðu ekki efni á að ala hann upp en fjölskyldan bjó í Tíbet. Frændi hans ferðaðist því með Abhay til Indlands þar sem hann fékk nýtt heimili í SOS Barnaþorpi. Ekki er vitað hver afmælisdagur hans er en hann er fæddur árið 1987.

I have never forget, you told me that, I should not forget my native language. I don't know, whether you forgot that or not. Your first letter was the most I remember in my day to day life. And some time I used to look those photos you sent to me and I can't imagine that how your grant children are looks now. This is my sixth year in college is running and every thing is going on well. I have been totally busy, since the college has started after the summer vacation. When I look back on my past life, those years I have spent in India, have been gone very fast, so I feel that our life is very short. It is very difficult to contribute a valuable serve to other beings, within this short period of our life, specially, a person like me. Some time I feel tired but I refocus my mind and believe that, every great contribution on this earth has been done by very difficult way, so I should have to face such a way, regardless of whether I would be successful or not.

What I believe is that, do best whatever we do in our life on the base of once ability for the benefit of others is the most important thing. The success and failure is very much depend on the circumstance so very good chance to success but some are very restricted circumstances to life and generations. Anyhow, here I am doing my best

Íslensk kona sem vill ekki láta nafns síns getið gerðist styrktarforeldri tveggja barna í janúar árið 2000 og annað þeirra þeirra var Abhay sem þá var 13 ára. Hún hafði áhuga á að vera í persónulegum samskiptum við börnin en vissi ekki hvort það væri æskilegt eða hvort börnin hefðu áhuga á því. Hún ákvað að skrifa þeim bréf og fékk strax svar frá Abhay.



## SAKNAÐI FJÖLSKYLDUNNAR

Að sögn konunnar voru bréfin frá Abhay mjög kærleiksrik strax frá byrjun. Hann hafði mikla þörf fyrir að tjá sig og nefndi það reglulega í gegnum árin að hann saknaði móður sinnar mikið þrátt fyrir að líða vel í barnaþorpinu. Í fyrsta bréfinu sem hann sendi til Íslands ávarpaði hann konuna sem „styrktaraðila“. Ekki leið þó á löngu þar til hann var farinn að

ávarpa hana sem „mömmu“ en það þótti henni afar vænt um.


Þegar Abhay kom fyrst í SOS Barnaþorpið átti hann erfitt með nám. Það fór þó fljótlega að ganga betur og þegar bréfin eru skoðuð sést vel, hvað annars vegar skriftin og hins vegar enskan, hafa breyst í gegnum árin. Þegar Abhay var orðinn 22 ára var kominn tími til að yfirgefa barnaþorpið. Abhay er Búddatrúar og langaði alltaf til að

verða munkur og því ákvað hann að hefja nám í munkaskóla.

## EINS OG AÐ HALDA Í HÖND ÖMMU

Íslenska konan og Abhay hafa skipst á nokkrum bréfum á ári ásamt því að senda afmælis- og jólagjafir. Eitt sinn sendi konan vettlinga sem mamma hennar þrjónaði og sagði Abhay að amma hans á Íslandi hefði þrjónað þá. Í næsta bréfi skrifaði Abhay að hann hefði sofðið með vettlingana fyrstu nóttina eftir að hann fékk þá senda og leið þá eins og hann héldi í hönd ömmu sinnar á Íslandi. Þá hefur konan líka fengið sendar gjafir að utan frá Abhay, meðal annars fallega bænaslæðu og tvær bækur eftir Dalai Lama sem er fyrirmynd Abhay.

\*Abhay er ekki hans rétta nafn. Nafninu var breytt vegna persónuverndar.



# ALLT SEM ER GRÆNT, GRÆNT...

SOS Barnaþorpin eru alltaf að leita að grænum leiðum til að auka lífsskilyrði skjólstaðinga sinna. Sannleikurinn er nefnilega sá að það sem er gott fyrir umhverfið er gott fyrir börnin - já og öfugt!

Börnin sem fá nýtt heimili í SOS Barnaþorpi eru ekki einungis í þörf fyrir ástríkt heimili heldur líka hreint vatn og loft, hollan mat, góðan húsakost og hreinlætisaðstöðu. Hér má sjá nokkur græn verkefni sem samtökin hafa staðið að á þessu ári:



**SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármögnuðu þetta verkefni!**

## SÓLARORKUVÆÐING Í NÍGER

SOS Barnaþorpið í Dosso í Níger var sólarorkuvætt á árinu. Tilgangur sólarorkuvæðingar í barnaþorpinu var að losa börnin við reykspúandi díselrafstöðvar og vera þess í stað með umhverfisvænt kerfi fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Díselrafstöðin var dýr í rekstri og henni fylgdi mengun og óþrifnaður sem börnin liðu fyrir.

Með sólarorku sjá SOS Barnaþorpin hundruðum barna fyrir þeirri umhverfisvænu orku sem sólin gefur frá sér. Um er að ræða 12 fjölskylduhús, leikskóla, grunnskóla, heilsugæslustöð, bókasafn, tölvuver og húsnæði fyrir starfsmenn. Auk kaupa á sjálfum sólarorkubúnaðinum þurfti að endurnýja

rafmagnstæki og perur með orkusparnað í huga. Verkefnið skilar miklu hagræði og dregur úr mengun ásamt því að bæta lífsskilyrði þeirra barna sem SOS Barnaþorpunum hefur verið treyst fyrir.

## HREINT DRYKKJARVATN Í VIETNAM

Áður höfðu börnin í SOS Barnaþorpinu í Da Nang í Víetnam ekki aðgang að nægilega hreinu vatni. Á þessu ári var hreinsikerfi sett upp í þorpinu til að hreinsa óhreint vatn. Kerfið getur hreinsað allt að tvö þúsund lítra á dag og skilar vatninu af sér í 20 lítra flöskur. Í barnaþorpinu í Da Nang búa nú 154 börn í 16 SOS fjölskyldum.



## BÆNDASKÓLI Á SPÁNI

SOS á Spáni stofnaði á árinu bændaskóla sem staðsettur er við hliðina á SOS Barnaþorpinu Las Palmas á Kanaríeyjum. Í skólanum eru hestar sem notaðir eru í einskonar „reiðmennskumeðferð“ sem hugsuð er fyrir börn með sérþarfir og fatlanir. Sérfræðingar vinna með börnunum í meðferðinni sem er í boði bæði fyrir börnin í barnaþorpinu og í nágrenninu. Ýmiss konar aðferðir eru notaðar í meðferðinni, til dæmis sálfræðimeðferð á hestbaki. Góður árangur hefur náðst í meðferðinni en greinilegur munur sést á hreyfanleika, tungumáli, líkamsburði og ánægju barnanna. Börnunum finnst afar gaman að vinna með hestunum en einnig þykir gott fyrir börnin að bera ábyrgð en þau þurfa að gefa hestunum að borða, kemma þá og þrifa í hesthúsunum.



## UMHVERFISVERND Í KONGÓ

SOS Barnaþorpið í Uvira í Kongó er staðsett undir fjöllum. Mikið hefur verið um sinuelda á svæðinu sem leiðir af sér jarðvegseyðingu. Börnin í SOS Barnaþorpinu hafa því verið að gróðursetja tré undir handleiðslu sérfræðinga. Þá var stofnaður klúbbur sem börnin geta gengið í þar sem þau fá fræðslu um



meðhöndlun plantna og umhverfismál. Með þessu móti taka börnin ábyrgð á umhverfinu í sinni heimabyggð.



## „POKAGARÐYRKJA“ Í KENÍA

Hvernig er hægt að stunda garðyrkju án þess að eiga land? Fjölskylduefning SOS Barnaþorpanna í Mombasa í Keníu hefur fundið leið til þess og hvetur þannig skjólstaðinga sína til að rækta sitt eigið grænmeti. „Pokagarðyrkja“ er ansi vinsæl hjá fátækum barnafjölskyldum sem fá aðstoð hjá Fjölskylduefningu. Þá eru stórir nælonpokar fylltir af mold og plöntur gróðursettar þar ofan í. Um er að ræða ódýrt og hagkvæmt verkefni sem er auðvelt í framkvæmd.

# ÆTLAÐI SÉR ALLTAF AÐ HEIMSÆKJA BÖRNIN



Börnin okkar, frá vinstri Yana, Sayineti og Alfred .

**„Eftir að hafa styrkt þrjú systkini í SOS Barnaþorpi í Mzuzu, sem er borg norðarlega í Malaví, síðan árið 2002, létum við hjónin loksins verða af því að heimsækja þau í september síðastliðnum,“ skrifar Ingvar Árnason í frásögn sinni fyrir fréttablað SOS Barnaþorpanna. Við gefum Ingvari orðið:**

Áður en lengra er haldið langar mig að gera grein fyrir því hvernig þetta allt kom til og hvers vegna ég ákvað að gerast styrktarforeldri. Flestir sem þá voru komnir til vits og ára muna hvar þeir voru staddir þann 11. september 2001. Sjálfur var ég að kenna verklega efnafræði í Háskóla Íslands. Þó ekki séu nema þrettán ár síðan þá var nú ekki hvert mannsbarn með internetið í vasanum á þeim árum. Okkur bárust óljósar fregnir af árás á Bandaríkin og um kvöldið flutti sjónvarpið hinar

ógleymanlegu myndir af árásinni á tvíburaturnana. Ég varð strax mjög hugsi yfir þessum atburðum og var ekki tilbúinn að kaupa þær einföldu skýringar sem ýmsir valdamenn heimsins vörpuðu fram.

Lífsins gæðum er mjög misskipt á jörðinni okkar og mikið vantar upp á að allir jarðarbúar hafi nóg að bíta og brenna, hafi aðgang að hreinu drykkjarvatni og lágmarks heilsugæslu á meðan öðrum þjóðum stafar sívaxandi hætta af

því beinlínis að hlaupa í spik. Það eru næg matvæli framleidd til að brauðfæða alla jarðarbúa og það er ekki mjög kostnaðarsamt að útvega hreint drykkjarvatn og útrýma ýmsum skæðum sjúkdómum sem herja á þriðja heiminn svokallaða. Á ári hverju verja þjóðir heims mun hærri fjármunum til framleiðslu á alls kyns vígtólum og til vopnakaupa. Þegar maður kynnir sér nánar framkomu og umgengni hinna ríku, hvort sem það eru þjóðir eða alþjóðleg fyrirtæki, gagnvart snauðari þjóðum og auðlindum þeirra þá finnst mér skiljanlegt að hatur og reiði eigi auðvelt með að sá fræjum og breiðast út.

## VILDI STYRKJA SYSTKINI

Það var í þessu andrúmslofti sem mér fannst ég verða að gera eitthvað. Ég vildi láta eitthvað gott af mér leiða til að bæta heiminn, þó í smáu væri. Ég ákvað að gerast SOS styrktarforeldri og bað um að fá að styrkja systkini einhvers staðar í heiminum. Það var engin tilviljun að ég lagði beiðnina fram í september 2002. Það varð svo úr að mér var boðið að styrkja systkini í Malaví, drenginn Sayineti (f. 1997) og stúlkuna Yana (f. 2001). Það kom svo fljótlega í ljós í bréfaskriftum að í þorpinu var líka bróðir þeirra, Kamphinga (f. 1999). Ég átti mér strax þann draum að geta heimsótt börnin í Malaví og sá ég fyrir mér möguleikann á að Kamphinga (sem reyndar vill láta kalla sig Alfred) mundi spyrja mig af hverju ég væri að styrkja systur hans og bróður en ekki hann líka. Ég vildi ómögulega lenda í slíkri aðstöðu og bætti honum því snarlega í hópinn.



Séð heim að „húsinu okkar“.



Þessi unga stúlka er nú yngst í húsi 1. Hún fannst yfirgefin sem kornabarn á klósetti en hefur braggast vel.

Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að þó ég skrifi þennan pistil að hluta til í fyrstu persónu eintölu þá hef ég alla tíð notið ríkulegs stuðnings eiginkonu minnar, hennar Christu, við þetta hugðarefni okkar.

Svo liðu tólf ár og börnin, sem við skrifuðumst reglulega á við og fengum skýrslur um hvernig þeim gengi í skólanum og hverjir væru þeirra styrkleikar og veikleikar, voru að fullorðnast og kominn tími til að skreppa í heimsókn áður en þau héldu áfram út í lífið.

Við erum líka bæði nýkomin á eftirlaun sem veitir okkur aukið frelsi til athafna.

### EN HVERNIG SKIPULEGGUR MAÐUR FERÐ TIL MALAVÍ?

Ég ákvað að gera það á eigin spýtur. Keypti mér fyrst tvær leiðsögubækur og fór að lesa og gramsa á netinu. Í ljós kom að september væri hentugur tími og þó landið sé ekki ferðamannaland í eiginlegum skilningi þá eru ýmsir gististaðir, ekki síst við Malavívatnið, sem bjóða upp á náttúrufegurð og sæmileg þægindi gegn hóflegu gjaldi. Við tókum bíl á leigu og keyrðum óhikað á vinstri kantinum á móti allri umferð gangandi og hjólandi vegfarenda með slíkum glæsibrag að ekki var keyrt á eina einustu geit né hund, hænu eða annan búfénað. Umferðin var vissulega svolítið skrautleg á köflum. Við keyrðum vítt og breitt um og höfðum viðdvöl á þremur stöðum við vatnið auk þess sem við skruppum til Sambíu þar sem við fórum í ógleymanlegar skoðunarferðir í þjóðgarði með fjölbreyttu dýralífi. Í heild vorum við rúmar þrjár vikur í Malaví og elskulegra fólki hef ég aldrei kynnst. Ég vil gjarna geta þess hér að við fengum góð ráð frá Stefáni

Jóni Hafstein varðandi ferðalög í Malaví.

### SJALDGÆFAR HEIMSÓKNIR

Einn áfangastaða okkar við Malavívatnið var valinn þannig að stutt væri að skreppa til Mzuzu. Áður en lagt var í ferðina nutum við aðstoðar Ragnars Schram hjá SOS á Íslandi og hann kom okkur í tengsl við forsvarsmenn SOS í Malaví. Við höfðum áhuga á að vita hvernig staðið væri að því að búa börnin undir lífið í þjóðfélaginu. Á skrifstofunni í Lilongwe, höfuðborg Malaví, fengum við greinargóð svör við spurningum okkar.

Þá fór nú að stytast í stóru stundina. Við mættum í SOS þorpið eftir að hafa haft samráð við stjórnendur þar.

Forstöðumaðurinn tók á móti okkur og bauð okkur velkomin og stuttu síðar kom hún Violet, SOS móðir barnanna okkar, og fór með okkur að húsinu sínu. Hún reyndist afskaplega elskuleg kona og sýndi okkur allar aðstæður en í einu húsi býr SOS móðir með allt að tíu börnum á öllum aldri. Fimm slík hús eru byggð í bogadreginni þyrpingu með leiksvæði í miðjunni. Í Mzuzu eru þrjár slíkar þyrpingar þannig að þorpið getur tekið við 150



Violeta. SOS móðirin í húsinu sínu.

börnum. Húsin eru öll byggð í sama stíl og það sama á við um aðrar byggingar fyrir skrifstofur, viðhald, sjúkrastofu, leikskóla, grunnskóla o.fl. Þorpið var tekið í notkun 2002 og hús Violetu er númer eitt en þar hefur hún verið frá upphafi. Hún Yana okkar var bara eins árs og mjög veikuleg þegar komið var með hana í þorpið en í dag er hún glaðlegur unglingur sem lítur björtum augum á lífið.

Allt ytra yfirbragð var snyrtilegt og til þess fallið að þarna gæti börnunum líðið vel. Það sama mátti segja um hús Violetu en þar var hugsað fyrir öllu án þess að um nokkurn íburð væri að ræða. Í sameiginlega rýminu, sem í senn er eldhús, borðstofa og stofa, hafa tíu börn á mismunandi aldri aðgang að einu túpusjónvarpi og svefnherbergin minntu mig á herbergi í heimavistarskólum á Íslandi frá miðri síðustu öld. Tvær tvöfaldar kojur í einu herbergi. Salerni og sturtur voru hreinleg.

Það kom fljótlega í ljós að heimsóknir í SOS Barnaþorpið í Mzuzu eru fátíðar. Violet sagði okkur að við værum fyrstu gestirnir í hennar húsi. Þeim mun alúðlegra var viðmótið. Violet fór strax að elda fyrir okkur og svo



Þetta átti að verða flott hópmynd en konan sem var í starfsþjálfun við að verða SOS móðir kundi ekki alveg að höndla myndavélina.

fóru eldri börnin að tínast inn. Við færðum þeim gjafir sem við höfðum tekið með að heiman en gættum þess að hinir krakkarnir fengju líka eitthvað. Okkur gafst gott tóm til að spjalla við börnin okkar og spyryja þau út í framtíðaráform þeirra. Sayineti var í biðstöðu eftir að hafa tekið inngöngupróf í ríkisháskólana í Malaví. Nemendur þar geta sótt

um tvær námsbrautir og Sayineti hafði sett lögfræði í fyrsta sæti og blaðamennsku í annað sæti. Úrslit ráðast af frammistöðu á samræmdum inngönguprófum fyrir allt landið og verða ekki ljós fyrr en um áramótin. Við vonum að Sayineti geti fært okkur góð tíðindi. Alfred stefnir á að verða verkfræðingur og Yana segist vilja verða hjúkrunarfræðingur. Violeta endaði svo á að ganga með okkur um þorpið og fjölmörg börn, stór og smá, slógust með í för.

Þetta var okkur ógleymanlegur dagur. Kveðjustundin var hjartnæm og við kvöddum SOS þorpið í Mzuzu, sem er eins og vin í hinni fátæku Malaví, sannfærð um að með því að styrkja starfið þar og hjálpa til við að koma systkinunum þremur á legg þá hefðum við lagt eitthvað af mörkum til að bæta heiminn. Þar með væri upphaflegum tilgangi náð. Vonandi sjá sem flestir sér fært að styrkja SOS samtökin.



Allir vildu vera með á mynd.

*Ingvar Árnason og Christa Árnason*

# SOS KYNNING - INDLAND

Indland er sjöunda stærsta land í heimi en yfir 1.2 milljarðar manna búa á Indlandi. Í höfuðborg landsins, Nýju Delí, búa um 22 milljónir manna. Á Indlandi eru töluð mörg tungumál, trúarbrögðin eru margvísleg og menningin fjölbreytt.



Hagvöxtur landsins hefur verið afar mikill síðustu áratugi. Sem dæmi má nefna var hagvöxtur tíu prósent árið 2010. Meðallaun hafa því hækkað reglulega síðustu ár og áratugi. Hins vegar virðist raunin vera sú að gróðinn af auknum hagvexti skiptist ekki jafnt þar sem einn af hverjum fjórum landsmönnum býr við mikla fátækt.

Vandamálín á Indlandi eru mörg, meðal annars offjölgun og spilling. Aðeins 20% Indverja hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu (til dæmis salerni) og rúm 20% hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni. Þá er læsi lítið en aðeins 70% karla og 50% kvenna eru læs.

Á Indlandi búa 447 milljónir barna undir 18 ára aldri. Rúmlega helmingur þeirra býr við erfiðar aðstæður. Tvær milljónir barna

undir fimm ára deyja á hverju ári úr sjúkdómum sem hægt er að koma í veg fyrir. Helmingur þeirra deyr vegna vannæringar og 400 þúsund börn deyja á ári vegna niðurgangspetar sem oftast er ekki má rekja til óhreins drykkjarvatns. Aðeins 70% barna í landinu ganga í skóla og þá er barnaprælkun stórt vandamál. 12% barna á Indlandi eru neydd til vinnu, meðal annars sem heimilishjálpar, í verksmiðjum eða í vændi. Þá eru stúlkubörn í meiri hættu á að lenda í klóm fátæktar og þrælkunar og barnabruðkaup eru algeng. Búið er að gifta 47% barna þegar þau hafa náð 18 ára aldri.

## UPPHAF SOS Á INDLANDI

Árið 1963 hitti stofnandi SOS Barnaþorpanna, Hermann Gmeiner, þáverandi forsætisráðherra Indlands, Pandit Jawahar Lal Nehru. Þeir, ásamt dóttur Pandit, komu SOS Barnaþorpunum á legg á Indlandi svo hægt væri að útvega munaðarlausum og yfirgefnum börnum varanlega aðstoð. Fyrstu börnin fluttu inn í SOS Barnaþorpið í Greenfields árið 1968 og í dag eru yfir 40 SOS

Barnaþorp á Indlandi.

Undanfarin ár hafa SOS Barnaþorpin stækkað umfang sitt á Indlandi og reynt þannig að mæta þörfum landsmanna. Munaðarlaus og yfirgefin börn fá nýtt heimili í SOS Barnaþorpum og er fylgt eftir þangað til þau eru komin á fullorðinsaldur. Árið 2002 hóf Fjölskylduefning SOS störf í landinu en hún veitir fátækum barnafjölskyldum aðstoð til að koma í veg fyrir aðskilnað foreldra og barna. Þá hafa samtökin sinnt neyðaraðstoð í landinu í kjölfar náttúruhamfara.

Efning menntunar er stór hluti af starfi SOS Barnaþorpanna á Indlandi. SOS reka fjölda leikskóla, grunnskóla og verknámsskóla í landinu. Á þeim stöðum þar sem ekki eru SOS skólar veita samtökin fjölskyldum fjárhagslega aðstoð til að börn geti gengið í skóla.

## SOS Barnaþorpin á Indlandi:

Always-Cochin, Nagapattinam, Bylakuppe, Trichur, Puducherry, Bangalore, Chennai, Tirupati, Hyderabad, Latur, Pune, Alibaug, Visakhapatnam, Bhubaneshwar, Raipur, Rourkela, Kolkata, Shillong, Hojai, Bhakatpara, Begu Sarai, Varanasi, Khajuri Kalan, Bhopal, Ahmedabad, Bhuj, Jaipur, Faridabad, Bhimtal, Greenfields, Dehradun, Tibetan Homes Mussoorie, Bawana, Rajpura, Gopalpur, Jammu, Bir, Dharamsala, Leh- Ladakh, Mussoorie - Happy Valley, Guwahati.



# Gleðileg jól

SOS Barnaporpin á Íslandi óska þér  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Með þökk fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða!

